



Þorgrímur St. Árnason
Öryggis- heilbrigðis og umhverfisstjóri

Menntun	<p>Stúdent frá MH, 1978 Lögregluskóli ríkisins 1981 Námskeið í vinnuvernd og vinnuvistfræði í Bandaríkjunum á vegum bandaríska sjóhersins, bandaríska vinnueftirlitsins (OSHA), bandaríska heilbrigðiseftirlits (NIOSH) og ýmissa stofnanna eins og McCrone Institute í Chicago</p>
Vinnustaður	Hitaveita Suðurnesja
Netfang og/eða farsími	thorgrimur@hs.is
Gerðist félagi	25. júlí 2003
Viðfangsefni /starf	<p>Megnið af starfsferlinum mínum hef ég unnið við eftirlit af ýmsum toga. Ég starfaði í lögreglu í sjö ár. Vann hjá vinnueftirliti Varnarliðsins í 19 ár. Var ráðinn í starf samræmingaraðila ÖHU-mála við verkeftirlit vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar.</p> <p>Hjá vinnueftirliti varnarliðsins var tekið á öryggismálum á breiðum grundvelli. Auk hefðbundins vinnustaðaeftirlits voru starfsmenn þess þjálfaðir á ýmsum sérsviðum öryggis- heilbrigðis og umhverfismála. Til að mynda sá ég m.a. um ýmsar mælingar tengdar vinnuumhverfi, s.s. loftgæðum á vinnustöðum, hávaða, lýsingu, líkamsbeitingu og afkastamælingu á loftræsikerfum svo eitthvað sé nefnt. Ég er sérfræðingur í greiningu á asbesti og sem slíkur sá ég um eftirlit og úttektir vegna niðurrifs á asbesti úr húsum á varnarsvæðunum. Þá var mikil áhersla lögð á þjálfun starfsmanna bæði varðandi öryggismál almennt og einnig sérþjálfun af ýmsu tagi s.s. meðhöndlun á ýmsum persónuvarnarbúnaði ofl.</p> <p>Ég starfaði um skeið sem samræmingaraðili ÖHU-mála hjá verkeftirliti við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Í stuttu máli má segja að verkeftirlitið hafi haft að gera með eftirlit með vinnu flestra verktaka sem komu að verkinu ofan fallganga að stöðvarhúsi virkjunarinnar. Aðalverk</p>

	<p>samræmingaraðila er að hlutast til að vinnan samræmist ÖHU-kröfum sem gerðar eru. Mikli samskipti voru milli verkeftirlits og verktaka annars vegar og samskipta við opinbera aðila hins egar.</p> <p>Nú starfa ég sem ÖHU-stjóri hjá Hitaveitu Suðurnesja. Sem slíkur sé ég um daglega stjórnun á ÖHU-málum innan fyrirtækisins, auk þátttöku í verkefnastjórn vegna nýframkvæmda á vegum HS.</p>
<p>Pælingar mínar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Á þessum tæpu 25 árum sem ég hef starfað að vinnuverndarmálum hefur ýmislegt áunnist. Hin síðari ár hefur jákvæð breyting átt sér stað. Fyrirtæki hafa í auknum mæli séð sér hag í að hlúa að vinnuverndarstarfi innan fyrirtækjanna og ráða til sín starfsmenn sem sinna vinnuverndarmálum að staðaldri. Stjórnendur hafa áttað sig á ábyrgð sem þeir bera á öryggi og vellíðan starfsmanna sinna og þá einnig að starfsmönnum sem líður vel í vinnunni skila að jafnaði betri afköstum. Það fellur síðan að markmiðum nútíma fyrirtækja um hagræðingu, sem skapar jákvæða ímynd þeirra og betra vinnuumhverfi fyrir starfsfólk.</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Ég er kvæntur Ásdísi Maríu Óskarsdóttur, gjaldkera hjá Reykjanesbæ. Við eigum tvær dætur 27 og 19 ára. Áhugamál mín tengjast helst íþróttum og ferðamennsku, auk þess sem bíladella er mér í blóð borin. Fjölskyldan hefur verið mér skilningsrík, sérstaklega gagnvart bíladellunni. Vel hefur tekist að sameina þessi áhugamál innan fjölskyldunnar því við höfum ferðast mikið saman, bæði innanlands og utan. Við höfum farið í ótal ferðir um óbyggðir Íslands bæði á hálendi og með ströndum. Oftar en ekki höfum við áð á fallegum stöðum og skoðað það sem fyrir augum ber og upplifað fegurð sem er að finna, hvort heldur í næsta nágrenni þéttbýlis eða á öræfum.</p>